



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 2. mars 2020 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:00.

Mætt voru: Haukur Arnþórsson, Védís Guðjónsdóttir, Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Gunnar Smári Egilsson, Viggó K. Jóhannsson, Arna Þórdís Árnadóttir og Daníel Örn Arnarsson. Katrín Baldursdóttir og Jóhann Helgi Heiðdal voru með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin hefur ekki verið samþykkt.

2. Kosningabaráttan, m.a. staða í sveitarfélögum

Ýmislegt var rætt s.s. sýnileiki á Facebook, úthringingar sem hafa verið í gangi í dag, að leggja þurfi áherslu á að fá Íslendinga í útlöndum til að kjósa og fjöldi félaga í ýmsum sveitarfélögum til að átta sig á því hvaða sveitarfélög skuli leggja áherslu á næst. Þar bar hæst Hafnarfjörður, Kópavogur og sömuleiðis Reykjanes, þar sem stefnt er að því að halda fund og stofna sellur fljótlega.

3. Fjölgun félaga, fjölgun virkra félaga

Talað um mikilvægi þess að fá enn fleira drífandi fólk til liðs við flokkinn.

4. Styrkur flokksins, afl til að reka áfram starf

Málið rætt og mikilvægi sellanna ítrekað.

5. Maístjarnan

Verður rædd síðar.

6. Fjármál, yfirlit

Staða á reikningum. Flokkurinn: 903.323 kr., Maístjarnan: 2.857.992 kr.

7. Önnur mál

Unnið er að betrubótum á búnaði til að streyma fundum.

Samþykkt var að flokkurinn leggi til 5.000 kr. til að standa straum af málþingi Betra samfélags fyrir öll.